

skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar fráviks frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1999, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 67/1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 8,80 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 4,40 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar

Samgönguráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Heimilt er að fella niður helming skipagjalds hafi skip ekki verið skoðað né haft haffæri á viðkomandi almanaksári.

Ef skip eru afskráð vegna úreldingar eða sölu úr landi er Siglingastofnun Íslands heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskildu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingastofnun Íslands:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að skráningarlengd	11.000
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m mestu lengd	19.900
Fyrir skip 15 m að lengd til 24 m skráningarlengd	44.400
Fyrir skip 24 m að lengd til 45 m skráningarlengd	88.200
Fyrir skip 45 m að lengd til 60 m skráningarlengd	145.600
Fyrir skip yfir 60 m að skráningarlengd	192.800

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 16.800.

Fyrir skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

Ef óskað er eftir að skoðun sé framkvæmd utan dagvinnutíma skal greiða fyrir vinnuna skv. útseldum taxta viðkomandi starfsmanns.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

3. gr.

Nýsmíði.

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.

3.1.1. Fyrir samþykkt á sérsmíðuðum bátum og fyrsta báti í raðsmíði greiðist sem hér segir:

Verkefni	Lengd skips		
	<6 m kr.	6-8 m kr.	8-15 m kr.
Samþykkt teikninga	11.950	24.650	36.450
Eftirlit með smíði bols	6.000	12.050	19.450
Skoðun á búnaði	4.450	10.450	15.000
Hleðslu- og stöðugleikaprófun	4.450	9.300	12.100
Reynslusigling	3.050	8.900	10.450
Skráning og mæling, sjá 7. gr.			

3.1.2. Fyrir samþykkt á raðsmíðuðum bátum og bátum sem eru að einhverju leyti smíðaðir undir eftirliti flokkunarfélags greiðist sem hér segir:

Verkefni	Lengd skips		
	<6 m kr.	6-8 m kr.	8-15 m kr.
Samþykkt teikninga	-	7.400	10.950
Eftirlit með smíði bols	-	3.600	5.850
Skoðun á búnaði	-	10.450	15.000
Skráning og mæling, sjá 7. gr.			

Fyrir þilfarsbáta bætast kr. 11.450 við framangreinda niðurstöðu, fyrir prófun á stöðugleika.

Lengdir báta sem tilgreindir eru í framangreindum töflum eru mældar á milli stafna í borðstokkshæð þegar um er að ræða 6 metra lengdina, en mestu lengd á bol samkvæmt mælingareglum við mælingu á 8 og 15 metrum.

3.1.3. Fyrir samþykkt á gömlum bátum skal fara að sem við samþykkt á nýsmíði eftir því sem á við hverju sinni.

Fari skoðun fram erlendis greiðist ferðakostnaður að auki.

3.2. Skip sem eru 15 metrar að mestu lengd og lengri:

3.2.1. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingastofnunar Íslands eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 24 m að skráningarlengd 0,30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip 24 m að skráningarlengd og lengri 0,26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur). Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miðað við það verð sem kemur fram á aðflutningsskýrslu skipsins að meðtöldum aðflutningsgjöldum og öðrum kostnaði við innflutninginn.

3.2.2. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingastofnunar Íslands skv. grein 3.2.1. að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.

3.2.3. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. A-lið þessa töluliðs auk fargjalda og dagpeninga skoðunarmanna sé skipið smíðað erlendis.

3.2.4. Eftirlitsgjöld skv. 2. tölulið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingastofnun Íslands. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala. Siglingastofnun Íslands er heimilt að semja um að taka gjald fyrir eftirlit með nýsmíði skv. reikningi og töxtum stofnunarinnar fyrir viðkomandi starfsmenn. Í því tilfelli innheimtist að auki útlagður kostnaður og önnur gjöld skv. reglugerð þessari s.s. vegna útgáfu skipsskjala.

3.2.5. Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins skal greiða vinnu og útlagðan kostnað skv. reikningi og töxtum stofnunarinnar fyrir viðkomandi starfsmenn auk annarra gjalda s.s. fyrir mælingu og útgáfu skipsskjala eftir því er við á.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

4.1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir.

4.2. Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, enda sé ekki gerður greiðslusamningur.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 BT	11.450
Skip 501 BT til og með 1000 BT	15.250
Skip 1001 BT til og með 2000 BT	19.050
Skip 2001 BT til og með 5000 BT	22.850

Skip stærra en 5000 BT greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands. Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjauitreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 3.850.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 1.270 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 1.150 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala skal greiða:

	Kr.
1. Ísl. mælibréf og skráningaskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	5.250
2. Þjóðernisskírteini	8.550
3. Mælibréf	5.250
4. Staðfest afrit af mælibréfi eða skírteini	1.000
5. Einkaleyfi á skipsnafni	29.600
6. Viðurkenningarskírteini og skilti	780
7. Leyfi til farþegaflutninga með skipum	4.100

Við eigendaskipti og umskráningu skips skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf gjald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningar-skírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

1. Samkvæmt Oslóarsamþykkt:

	Kr.
Fyrir opna báta	9.250
Þilfarsskip allt að 25 brl.	15.100
Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	21.000
Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	33.400
Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	51.100
Þilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl.	72.500
Þilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl.	96.100
Þilfarsskip 5001 brl. og stærra greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.	

2. Samkvæmt íslenskum mælingareglum og Lundúnasamþykkt frá 1969:

	Kr.
Flokkur I Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd	9.250
Flokkur II.A Skip 15,01 m mestu lengd - 24,00 m skráningarlengd Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útg. skírteinis	43.200
II.B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu eða bandateikningum og öðrum teikningum	30.300
Flokkur III.A Skip 24,01 m - 45,00 m skráningarlengd Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	78.500
III.B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfu mælibréfs	52.400

Flokkur IV.A	Skip 45,01 m - 60,0 m skráningarlengd	Kr.
	Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).	
	Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	109.100
Flokkur IV.B	Eftirlitsmæling um borð.	
	Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og	
	öðrum stálteikningum og útg. mælibréfs	78.500
Flokkur V.	Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri.	
	Greiðsla samkvæmt reikningi.	

2.1. Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

		Kr.
Fyrir skip allt að 45 m skráningarlengd		18.000
Fyrir skip yfir 45,01 m skráningarlengd		30.000

3. Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

8. gr.

Útgáfa vottorða.

Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	Kr.
	1.280

9. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar. Siglingastofnun Íslands framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að mestu lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. gr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.380.

10. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu viðkomandi starfsmanns samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar.

11. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985, með síðari breytingum og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 152 frá 3. mars 1998 og reglugerð nr. 461/1998 um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 152/1998.

Samgönguráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING**um umferð á Seltjarnarnesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda hefur verið ákveðið:

1. Að hámarkshraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst.: Kolbeinsmýri, Eiðismýri, Tjarnarmýri, Grænumýri, Suðurmýri, Skerjabraut, Selbraut, Sólbaut, Sæbraut, Kirkjubraut, Skólabraut, Melabraut milli Bakkavarar og Hæðarbrautar, Nesvegi vestan Suðurstrandar og heimreið að heilsugæslustöð og Valhúsaskóla.
2. Að hámarkshraði á Suðurströnd vestan Nesbala verði 45 km/klst.
3. Að hámarkshraði á Norðurströnd og Suðurströnd verði 60 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. janúar 1999.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ**um greiðslu barnabóta.**

1. gr.

Almennt.

Ríkissjóður skal greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs til framfaranda barnsins eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Réttur til barnabóta.

Greiða skal barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981.